



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um skráningarkerfi fyrir íþróttahreyfinguna Flutningsaðili: HSK

77. Íþróttathing ÍSÍ haldið á Berjaya Reykjavík Natura hóteli (áður Hótel Loftleiðir), Nauthólsvegi 52, 102 Reykjavík, dagana 16. og 17. maí 2025, samþykkir að ÍSÍ, í samstarfi við UMFÍ, skoði möguleikana á að, bjóða öllum íþróttafélögum, innan sinna vébanda, uppá samræmt skráningarkerfi iðkenda, án endurgjalds.

Greinargerð:

Í dag er skilakerfi starfsskýrslna, aðildarféлага íþróttahreyfingarinnar, samræmt í einu kerfi. Á markaðnum eru fleiri en einn aðili sem bjóða uppá skráningarkerfi fyrir iðkendur íþróttafélaga. Í dag er aðgangur að þessum kerfum bundinn samningi milli íþróttafélaga og viðkomandi fyrirtækja sem reka þessi kerfi. Aðgangur að þeim er dýr og mörg félög sem ráða ekki við eða sjá ekki hag sinn í að taka kerfin upp til iðkendaskráningar. Með því að forysta hreyfingarinnar semji um aðgang að þessum kerfum fyrir alla hreyfinguna, mun örugglega nást fram mikill sparnaður og mun meiri áreiðanleiki í starfsskýrsluskilum og öllu utanumhaldi um íþróttaiðkun á Íslandi.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar